



ÖLFUS

SVEITARFÉLAGIÐ ÖLFUS

AÐALSKIPULAG 2010 - 2022 - GRÁSTEINN
AÐALSKIPULAGSBREYTING

Almennt

Sveitarfélagið leggur fram óverulega breytingu á aðalskipulagi Sveitarfélagsins Ölfuss 2010-2022 skv. 2.mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Aðalskipulag Sveitarfélagsins Ölfuss 2010-2022 var staðfest í B-deild Stjórnartíðinda 5. október 2012.

Tillaga að breyttu skipulagi snýr að fjölgun íbúðarlóða í landi Grásteins.

Breytingin

Markmið með breytingunni er að fjölga lóðum á íbúðarsvæði Í13 og jafnframt að stuðla að fjölgun íbúa. Í tillögu að aðalskipulagsbreytingu verður gerð breyting á umfjöllun um íbúðarsvæðið í kafla 3.1.1 í greinargerð aðalskipulags Sveitarfélagsins Ölfuss 2010 - 2022 þar sem lóðum á svæðinu verður fjölgað úr 5 lóðum í 9.

Breytingin felur ekki í sér stækkun svæðis frá gildandi aðalskipulagi.

Breytingin felur eingöngu í sér breytingu á greinargerð aðalskipulagsins.

Breyting verður gerð á töflu í kafla 3.1.1 um íbúðarsvæði.

Breyting verður verð á fjölda lóða á svæði Í13 í landi Grásteins.

Þar stendur núna:

Nr	Heiti	Lýsing	Lóðir/ ha	Fjöldi íbúða
Í13	Grásteinn	Gert er ráð fyrir allt að 5 lóðum. Stærð svæðisins er um 5 ha.	1	5

Mun standa (breytingar eru undirstrikaðar):

Nr	Heiti	Lýsing	Lóðir/ ha	Fjöldi íbúða
Í13	Grásteinn	Gert er ráð fyrir allt að <u>9</u> lóðum undir <u>parhús</u> og <u>einbýlishús</u> . Stærð svæðisins er um 5 ha.	<u>1-3</u>	<u>12</u>

Tengsl við aðrar áætlanir


Til er deiliskipulag af svæðinu dagsett 23.02.2017 og staðfest í B-deild Stjórnartíðinda 21.06.2017.

Unnið er að deiliskipulagsbreytingu samhliða breytingu á aðalskipulagi.

Þar sem um er að ræða óverulega breytingu fellur breytingin ekki undir lög nr. 105/ 2006 um umhverfismat áætlana skv. 1. mgr. 3. gr. laganna.

Niðurstaða sveitarstjórnar

Sveitarstjórn telur að umrædd leiðrétting sé minniháttar breyting enda er verið að fjölga íbúðalóðum og búsetumöguleikum á svæði sem nú þegar er skilgreint sem íbúðarsvæði. Ekki þykir þörf á að meta umhverfisáhrif tillögunnar, enda er einungis um að ræða fjölgun lóða á íbúðarsvæði sem nú þegar er skilgreint í gildandi skipulagi.



Aðalskipulag Sveitarfélagsins Ölfuss 2010-2022, í mkv. 1:50.000

Aðalskipulagsbreytingin var tekin fyrir skv. 2 mgr. 36. gr skipulagslaga nr. 123/2010., með síðari breytingum var samþykkt í sveitarstjórn Sveitarfélagsins Ölfuss þann _____

F.h. sveitarstjórnar Sveitarfélagsins Ölfuss

Aðalskipulagsbreytingin öðlast gildi með auglýsingu í B-deild

Stjórnartíðinda þann _____

Sveitarfélagið Ölfus

Aðalskipulagsbreyting



Verk: 1621-01-034

Mkv. 1: 50.000 í A4

Unnið: AB

Samþykkt:

Dags: 28.05.18

Breytt:

Rýnt: ÁJ